



Reykjavíkurborg
Skrifstofa þjónustu og reksturs

Minnisblað

Efni: Styrkur Evrópusambandsins til rannsókna á populisma, forsendum hans, áhrifum og viðbrögðum.

<http://ec.europa.eu/research/participants/portal/desktop/en/opportunities/h2020/topics/governance-03-2018.html>

Verkefnastjóri. Dr Magnus Yngvi Josefsson
Rannsóknir og þróun - Snjallborgin Reykjavík
Skrifstofa þjónustu og Reksturs
magnus.yngvi.josefsson@reykjavik.is

Heiti verkefnis

Populism and Civic Engagement - PaCE

Styrkveitandi: Rannsóknarsjóður Evrópusambandsins, Horizon 2020

Tímarammi 3 ár.

Heildaupphæð styrks €3 milljónir -

Styrkluti Reykjavíkur €326,875 - ISK 40.476,931

Samstarfsaðilar

Aðili	Land
Manchester Metropolitan University	Bretland
City of Reykjavik	Ísland
The Centre for Liberal Strategies Foundation	Búlgaría
The Paris-Lodron University	Austurríki
The Technical University of Dresden	Þýskaland
The Democratic Society	Belgía
Trilateral Research	Írland
University of Helsinki	Finnland
Citizens Foundation	Ísland

Megininntak

Hefðbundnir stjórnmálaflokkar virðast illa í stakk búnir til að takast á við samfélagslegar áskoranir í Evrópu. Stjórnmálastéttir virðast ráðalausar, rúnar trausti og úr tengslum við hagsmuni almennings. Afleiðingin er að sprottið hafa upp flokkar populista og vegur lýðskrumara fer vaxandi með hugsanlega alvarlegum og langvarandi afleiðingum. PaCE mun rannsaka forsendur fyrirbærisins populismi og hvaða áhrif populismi og lýðskrum kunni að hafa á lífsgæði og lýðræði í Evrópu og sér í lagi á þróun Evrópusamvinnu. Verkefnið mun skila auknum skilningi á populisma, forsendum og orsökum og mun sömuleiðis leita leiða til að styrkja lýðræðið, gæði þess og lýðræðispáttöku. Rannsókuð verða áhrif leiðtoga sem kenna má við populisma, áhrif samfélagsmiðla og fjölmiðla, upplifun almennings á stjórnmálastéttum og stofnunum samfélagsins og hvernig virkja megi yngri



Reykjavíkurborg
Skrifstofa þjónustu og reksturs

kynslóðir til uppbyggjandi stjórn málaumræðu og stjórn málaþátttöku. Áhersla verður lögð á menntun og vitund borgara til að stemma stigu við populískum stjórn málaöflum.

Hlutverk og framlag Reykjavíkur

Aðgerðapakkar verkefnisins eru sjö talsins og hefur Reykjavík aðkomu að þeim öllum. Framlag Reykjavíkur er þríþætt.

- Reykjavík er vettvangur fjöldahreyfingar sem steypiti af stóli sitjandi valdhöfum í kjölfar efnahagshrunsins. Farið verður í saumana á þroskaferli og hvötum þeirrar hreyfingar og áhrif hennar á íslenskt samfélag og íslensk stjórn mál.
- Reykjavík leggur áherslu á virkni og samtal við borgara og framkvæmd lýðræðis. Reykjavík er t.d. kyndilborg íbúalýðræðis og nýtur mikillar virðingar erlendis fyrir framtak sitt með t.d. Betri Reykjavík sem hefur skapað einstaka nánd milli borgara og kjörinna fulltrúa. Reykjavík mun miðla af reynslu sinni af samfélagslegri nýsköpun með lýðræðisþróun í brennidepli.
- Reykjavík mun taka þátt í að verkefnastýra PaCE.

Ávinningur Reykjavíkur af þátttöku í PaCE

Nýleg skýrsla IESE viðskiptaháskólans í Barcelona á Spáni metur Reykjavík í 5 sæti yfir framsæknu borgir í heimi. Sama skýrsla bendir á að helstu veikleikar Reykjavíkur eru vöntun og virkni alþjóðlegra tengsla og skortur á mannauð.

- PaCE er ísbrjótur á vegferð borgarinnar til þátttöku í alþjóðlegri rannsóknar og nýsköpunarsamvinnu sem tengir Reykjavík og setur hana á stall með nágrannaborgum okkar bæði á norðurlöndum og í Evrópu.
- Samfélagsleg nýsköpun er mikilvæg þróun borga og sérstaklega hæfni þeirra til að laða að verðmæta atvinnustarfsemi og einstaklinga sem eru drifkraftur hagvaxtar. PaCE er kynning á Reykjavík sem framsækinni borg samfélagslegrar nýsköpunar og vettvangur tækifæra og lífsgæða.

Helstu snertifletir innan Reykjavíkur

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Skrifstofa þjónustu og reksturs
Mannréttinda og lýðræðisráð